

Ed.

410. Frumvarp

til laga um vatnsorkusjerleyfi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 9, með þessum breytingum:

Á 2. gr. Fyrsta málsg. hljóðar svo:

Eigi er umráðamönnum vatnsrjettinda heimilt, án leyfis ríkisstjórnarinnar, að virkja til orkunýtingar fallvatn (foss eða hávaða) eða hluta úr því, ef fallvatnið hefir meira en 500 eðlishestöfl.

Á 4. gr.

2. tölul. hljóðar svo:

Nafn vatnsfalls þess eða stöðuvatns, sem hugsað er til að taka vatn úr, lýsing á því og aðstöðu og heimildir umsækjanda til vatnsrjettinda þar og landsafnota.

7. tölul. hljóðar svo:

Lýst þeim landspildum, sem umsækjandi telur sig þurfa til afnota við orkuverið, þær sýndar á uppdrættinum og eigendur þeirra nefndir, ef aðrir eru en umsækjandi.

18. tölul. hljóðar svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að veita umsækjanda undanþágu undan þeim ákvæðum þessarar greinar, sem myndu baka honum tiltölulega of mikinn kostnað og fyrirhöfn, ef hestaflatala sú, er leyft er að virkja, fer eigi fram úr 1000 hestöflum.

Á 11. gr. Greinin hljóðar svo:

Sjerleyfi skal aldrei veitt um lengri tíma en 50 ár, nema samþykki Alþingis komi til.

Á 12. gr. 7. tölul. hljóðar svo:

Nemi hestaflatala sú, er heimilað er að hagnýta, eigi meiru en 500 eðlishestöflum, skal ekkert árgjald greiða.

Á 21. gr. Upphaf 1. tölul. hljóðar svo:

Ef maður er settur til eftirlits o. s. frv.

Á 36. gr. 1. tölul. hljóðar svo:

Útlendir menn, hjer búsettir, geta, ef sjerstakar ástæður mæla með, fengið sjerleyfi til að virkja fallvötn hjer á landi, þannig að farið verði eftir fyrirmælum III. kafla laga þessara, að svo miklu leyti, sem við getur átt. Slíkt sjerleyfi skal aldrei veitt án samþykkis Alþingis, sem þá ákveður þau fleiri og frekari skilyrði, er þurfa þykir. Sama gildir um framsal sjerleyfis til útlendra manna eða fjelaga, sbr. 27. og 28. gr.